

Ed.

219. Tillaga

til þingsályktunar um leigu á sildarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að taka á leigu yfir næsta sildveiðatímabil sildarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði, ef samkomulag næst við eigendur hennar um leiguskilmála, og að starfrækja verksmiðjuna í sambandi við sildarbræðslustöð ríkisins.

Greinargerð.

Siðastliðin sumur hefir sildveiðaskipum veitst örðugt að losna við afla sinn í bræðslu, þau orðið að biða lengri tíma eftir afgreiðslu og varan oft skemmd, er hægt hefir verið að losa skipin; stundum jafnvel orðið að moka aflanum í sjóinn. Sildarbræðslustöð sú, er hér er farið fram á að taka til leigu, og sildarbræðslustöð ríkisins liggja hlið við hlið; en þar eð dr. Pauls stöðin hefir ekki geymi fyrir sildarolíu, er ógerningur að starfrækja hana út af fyrir sig, nema með ærnum tilkostnaði, og því litt kleift fyrir einstaklinga, þó þeir vildu slá sér saman um leigu. Aftur á móti væri hægt að starfrækja stöðina með litlum tilkostnaði og rekstur hennar komið að fullum notum, ef ríkið starfrækti hana í sambandi við sildarbræðslustöð ríkisins.